



Reykjavík, 4. mars 2021

SFS2019020033

202. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Bréf dags. 18. janúar 2021 frá Samtökum foreldra leikskólabarna í Reykjavík, SAMLEIK-R þar sem óskað er eftir endurnýjun á styrktar- og samstarfssamningi við skóla- og frístundasviðs. Svarað með bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 12. febrúar 2021 þar sem lagt er til að SAMLEIK-R og skóla- og frístundasvið hefji samtal um markmið og verkefni félagsins í samstarfi við skóla- og frístundasvið.

Umsögn skóla- og frístundasviðs um tillögur að breytingum á aðalnámskrá leikskóla, dags. 16. febrúar 2021

Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um breytingar á lögum varðandi fagráð eineltismála, dags. 18. febrúar 2021

Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um breytingar á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, dags. 23. febrúar 2021



Samtök foreldra leikskólabarna - SAMLEIK-R

Efni: Beiðni um að styrktar- og samstarfssamningur SAMLEIK-R verði endurnýjaður

Með bréfi, dags. 18. janúar 2021, tilkynna Samtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík, SAMLEIK-R, skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar að félagið hafi nú tekið til starfa að nýju.

Til setu fyrir hönd foreldra leikskólabarna sem áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði var tilefnd Albína Hulda Pálsdóttir og varamaður áheyrnarfulltrúa Berglind Anna Aradóttir. Áheyrnarfulltrúinn hefur nú þegar hafið setu á fundum skóla- og frístundaráðs og er það vel.

Þá var í framangreindu bréfi SAMLEIK-R óskað eftir að styrktar- og samstarfssamningur samtakanna og skóla- og frístundasviðs verði endurnýjaður.

Fyrir liggur að gerður var samningur um styrk til samtakanna árið 2017 að fjárhæð kr. 2.000.000.- Styrkur átti að greiðast í 2 greiðslum 1. maí 2017 og 15. desember 2017 að uppfylltum skilyrðum. Fyrri greiðslan var greidd 22. maí 2017 og síðari greiðslan 8. janúar 2018. Fulltrúi samtakanna sat flesta fundi ráðsins til 25. apríl 2018, síðasti fundur fulltrúa SAMLEIK-R í skóla- og frístundaráði var þann 11. september 2018.

Þann 27. júní 2018 var í skóla- og frístundaráði og í borgarráði þann 5. júlí samþykkt að gerður yrði samningur um sömu styrkveitingu, þ.e. kr. 2.000.000.- vegna ársins 2018. Hinsvegar kom ekki til þess að gerður yrði samningur vegna styrkveitingarinnar auk þess sem samtökin hættu setu í skóla- og frístundaráði.

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni vegna styrks til samtakanna á þessu ári í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs en tekið verður til skoðunar að leggja til að svo verði við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2022.


Það er mat skóla- og frístundasviðs að liggja þurfi fyrir nánari skilgreining á efni styrks og samnings þar að lútandi. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti samtökin gera ráð fyrir að starfa og hvaða verkefnum þau munu sinna sem hafa muni kostnað í för með sér. Þá er það mat skóla- og frístundasviðs að rétt sé að einhver reynsla verði komin á starfsemi samtakanna áður en þeim verði veittur styrkur.

Með vísan til framangreinds er lagt til að SAMLEIK-R og skóla- og frístundasvið hefji samtal um markmið og verkefni félagsins í samstarfi við skóla- og frístundasvið og í kjölfarið verði lögð fram ný umsókn um styrk til samtakanna. Vinsamlega hafið samband við Ingibjörgu

Margréti Gunnlaugsdóttur, skrifstofustjóra fagskrifstofu leikskólamála, í gegnum nefnangið:
Ingibjorg.M.Gunnlaugsdottir@reykjavik.is í þessum tilgangi.

Bréf þetta verður lagt fram til kynningar á næsta reglulega fundi skóla- og frístundaráðs.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir'.

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir
skrifstofustjóri
staðgengill sviðsstjóra



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um tillögur að breytingum á aðalnámskrá leikskóla. Mál nr. 33/2021.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 3. febrúar sl., þar sem kynntar eru til samráðs tillögur að breytingum á gildandi aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Um er að ræða afmarkaðar breytingar er snúa að börnum með annað móðurmál en íslensku og fjöltyngd börn.

Eftirfarandi er umsögn Reykjavíkurborgar:

Þeirri nálgun er fagnað sem farin er í tillögum að breytingum á aðalnámskrá leikskóla sem snúa að börnum með annað móðurmál en íslensku og fjöltyngd börn. Tillögurnar falla vel að heildinni þannig að textinn styður að verið sé að fjalla um öll börn og fjölskyldur þeirra og tekið er mið af fjölbreytileika í leikskólanum.

Þegar kemur að því efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið er áherslan á leikinn sem er námsleið barnsins, og dagleg samskipti

Hlutverki leikskólakennara kemur skýrt fram sem er að leggja grunn að íslenskunámi barnanna og veita þeim tækifæri til að efla tungumálafærni, virða mismunandi tungumál og leita leiða til að vekja athygli á þeim í daglegu starfi.

Einnig kemur skýrt fram mikilvægi samstarfs og samskipta við foreldra tví- og fjöltyngdra barna og að tungumálafærni er undirstaða þess að börn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í daglegu lífi sem mun skipta sköpum fyrir námsárangur þeirra.

Eftir þessar breytingar þarf enginn að vera í vafa um hlutverk leikskólans og leikskólakennara gagnvart því að koma í veg fyrir aðgreiningu þegar kemur að fjölbreyttum hópi barna.

Gerðar eru tillögur að breytingum í texta aðalnámskrár:

Á blaðsíðu . 33 er lagt til að skástrikuðum texti verði bætt við en yfirstrikaður tekinn út:

Þegar *tví- og fjöltyngd* börn hefja leikskólagöngu þarf að eiga samtal við foreldra um stöðu þeirra í *heimamáli/heimamálum* og íslensku.

Bera á virðingu fyrir fjölbreyttum bakgrunni barna og hvetja foreldra fjöltyngdra barna til að viðhalda *heimamálinu/heimamálunum* .

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við leiðir og leiðbeiningar sem birtast í grunnþáttum aðalnámskrár, sjá eftirfarandi athugasemdir:

Grunnþættir:

Læsi bls. 11 – Ekki er minnst á fjölbreytt tungumál, fjöltyngi eða önnur móðurmál/heimamál en íslensku.

Lýðræði og mannréttindi bls. 13 - Þar er fjallað um samstarf við heimili barna og ungmenna en ekki minnst á samfélagslegar breytingar eða fjölbreytta menningu, tungumál eða hæfni til að eiga samskipti þvert á tungumál og menningu sem þarf að verða hluti af menntun allra sem starfa með börnum


Leiðarljós leikskóla bls. 23 - Þar er gerð sú breyting að notað er orðið *_mismunandi* menningarheimar en færi betur að tala um *fjölbreytta menningarheima*.

Leikur og nám bls. 26 - Lagt er til að notað verði orðalagið, *bera virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál /heimamál og virkt fjöltyngi í daglegu starfi* (sbr. nýútgefinn leiðarvísir Hjartans mál: https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leidarvisir%20u m%20studning%20vid%20modurm al_ islenska.pdf)

Læsi og samskipti bls. 28 – Hér er tekið fram að breytingar eru til bóta.

Fjölskyldan og leikskólinn bls. 32 – Lagt er til að bætt verði við setninguna „*Huga þarf að málörvun og að gefa þeim verkfæri til samskipta og félagslegrar þátttöku*“ strax frá upphafi leikskólagöngunnar. Þar er starfsfólk leikskólans mikilvægar fyrirmyndir.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 18.2.2021

SFS2021020142

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 4

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um breytingar á lögum varðandi fagráð eineltismála, mál 35/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 4. febrúar sl., þar sem kynnt er til samráðs áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (fagráð eineltismála).

Eftirfarandi er umsögn Reykjavíkurborgar:

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fagnar áformum um breytingu á lagalegri umgjörð eineltismála á grunn- og framhaldsskólastigi. Mikilvægt er að skýra hlutverk og heimildir fagráðs eineltismála. Einnig er brýnt að tryggja að ætíð sé farið með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá þarf að tryggja grundvöll fagráðsins þannig að það geti starfað á sem árangursríkastan hátt með hagsmuni allra barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi að leiðarljósi.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 23. febrúar 2021

SFS2021020184

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um breytingar á lögum Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, mál 38/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 9. febrúar sl., þar sem kynnt er til samráðs áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 129/1990.

Eftirfarandi er umsögn Reykjavíkurborgar:

Það er fagnaðarefni að taka eigi til endurskoðunar lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 129/1990 og þar með auka áherslu á málaflokkinn. Ný lög þurfa að styðja við stefnu um íslenskt táknmál.

Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar væntir þess að með þessari vinnu náist markmið mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að fyrirsjáanleiki verði aukinn, þjónusta bætt og að starfsemi stofnunarinnar verði lýst eins og hún hefur þróast frá setningu laganna.

Að lokum er tekið fram að mikilvægt er að við endurskoðun laganna verði haft víðtækt samráð við samfélag táknmálstalandi barna og starfsmanna í leik- grunnskóla og frístundastarfi.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs